

# Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 158 – 10.07.2012

Þriðjudaginn 10. júlí árið 2012, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Jón Magnússon og Úlfar Sveinsson, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

## DAGSKRÁ:

1. Hitaveitumál í Lýtingsstaðahreppi
2. Lánasamningur við Arionbanka
3. Ákvörðun um aðalfund félagsins.
4. Starfsmannamál.
5. Bókhaldskerfi Skv.
6. Önnur mál.

## Afgreiðslur:

1. Undir þessum lið komu fulltrúar Orkuhóps Tungusveitar og Fremri byggðar ásamt Smára Borgarssyni og Freysteini Traustasyni til viðræðna við stjórn Skv um hitaveituvæðingu á svæðinu. Gerður grein fyrir skýrslum um jarðhitaleit á svæðinu sem unnar voru af Hauki Jóhannessyni. Rætt um að skipa 3ja manna hóp heimamanna sem verður í samráði við stjórn Skv. Stjórn Skv. samþykkir að fá Verkfræðistofuna Stoð ehf til að gera hagkvæmis útreikninga fyrir svæðið á grunnvelli þeirra skýrslan sem gerðar hafa verið, eftir afhendingu þeirra.
2. Einar og Páll gerðu grein fyrir fundi sem þeir áttu með fulltrúum Arionbanka. Páli falið að vinna áfram að málinu.
3. Samþykkt að aðalfundur Skv. verði 21. ágúst 2012 kl. 15.00
4. Páli og Einari falið að ræða við Gunnar Björn Rögnvaldsson um að hann taki að sér að sinna starfi Veitustjóra tímabundið til eins árs, meðan verið er að ákveða hvernig skipulagsmálum Skagafjarðarveitna verði háttað í næstu framtíð.
5. Páli og Einari falið að ræða við sveitarstjóra og fjármálastjóra um framhald málsins.
6. Önnur mál. Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.30  
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)  
Jón Magnússon (sign)  
Úlfar Sveinsson (sign)  
Páll Pálsson veitustjóri (sign)